

Umhverfisstefna Hvalfjarðarsveitar

Hvalfjarðarsveit vill vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga á Íslandi í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þannig vill sveitarfélagið gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða, bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Hvalfjarðarsveit leitast ávallt við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra og innlendra samþykktu og áætlana, auk þess sem fylgt er öllum lögum, reglugerðum og samþykktum sem varða starfsemi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur græn gildi að leiðarljósi í allri starfsemi sinni og reynir að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Það beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetur fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína á þessum sviðum.

Hvalfjarðarsveit vinnur að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti með eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

1. Stjórnarsýsla Hvalfjarðarsveitar sé fagleg og byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
2. Fyrirtæki í Hvalfjarðarsveit dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið og upplýsi íbúa um umhverfisþætti í rekstrinum.
3. Áhersla verði lögð á góða umgengni og nýtingu lands þar sem mengun og neikvæð umhverfisáhrif eru í lágmarki.
4. Grunnvatni sé ekki spillt í sveitarfélaginu og að nægt grunnvatn varðveitt til framtíðarnota.
5. Náttúruvernd og góð umgengni um náttúruna verði leiðarstef í allri umræðu og stefnumótun á vegum Hvalfjarðarsveitar.
6. Verndun menningarminja verði leiðarstef í allri umræðu og stefnumótun á vegum Hvalfjarðarsveitar.
7. Íbúar í Hvalfjarðarsveit, ungir sem aldnir, hafi aðgang að upplýsingum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun.
8. Sjálfbær þróun og öryggi íbúa séu í fyrirrúmi við þróun og uppbyggingu samgöngumannvirkja í Hvalfjarðarsveit.
9. Hvalfjarðarsveit verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsforvörnum og úrgangsmeðhöndlun með góða nýtingu auðlinda að leiðarljósi.
10. Ásýnd byggðarinnar í Hvalfjarðarsveit verði með því besta sem gerist á Íslandi.